

L Ö G

um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðlaun Sonnings, sem Halldóri Laxness voru veitt í Danmörku snemma árs 1969, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hver sýsla er fjallskilaumdæmi, er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum, nema sýslunefnd hafi fallizt á aðra skiptingu.

Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu, sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir, og er sérstök fjallskiladeild innan þess.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eru ein fjallskiladeild, hafa sveitarstjórnir þeirra í sameiningu á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála í því upprekstrarfélagi, eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af sýslunefnd.

3. gr.

Í fjallskilasamþykkt, er sýslunefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda,

fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.

Fjallskilasamþykkt tekur ekki gildi, fyrr en staðfest hefur verið af ráðuneyti því, sem fer með landbúnaðarmál, enda komi ákvæði hennar eigi í bág við þessi lög.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

5. gr.

Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Þó getur sýslunefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeiganda. Enn fremur geta hreppsnefndir, með samþykki sýslunefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki sýslunefndar komi til. Bæjarstjórn getur tekið upp nýjan afrétt fyrir kaupstað, breytt takmörkum afréttar og lagt til hans heimalönd eða landshluta einstakra jarða innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, er kaupstaðurinn á eða hefur full umráð yfir.

6. gr.

Sýslunefnd semur, að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar, skrá yfir alla afrétti, er héraðsbúar nota. Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarrétti hverrar jarðar í sýslunni, og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki jarðeiganda eða umráðamanns jarðar. Breytingar á afréttum eða réttindum yfir þeim skulu þegar færðar í afréttaskrá. Afréttaskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar.

7. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt.

Um skyldu til að reka búfé á afrétt fer eftir því, sem fyrir er mælt í fjallskilasamþykkt.

8. gr.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að í slíkt afréttarland megi eigi taka búpening til sumargöngu af utanhreppsmönnum, sem eigi hafa þar upprekstrarrétt, nema með samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar, krafizt mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

9. gr.

Nú ris ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun afréttar samkvæmt 8. gr., og skal þá, ef hreppsnefnd tekst eigi að miðla málum, vísa ágreiningnum til sýslunefndar, er úrskurðar málið. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til dómstóla.

10. gr.

Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. eða 8. gr., nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða. Um slíkar leyfisveitingar, svo og um gjaldskyldu leyfishafa fyrir afréttarnot, skulu nánari fyrirbætur sett í fjallskilasamþykkt.

11. gr.

Enginn má hafa afnot afréttar fyrir sjálfan sig, svo sem grasnyt og hlunnindi, nema hreppsnefnd leyfi. Eigi tekur þó ákvæði þetta til fiskveiði eða annarra hlunninda, sem í einkaeign eru, þótt í afrétti séu.

12. gr.

Nú eru beittilönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir, og skal þá reglum laga þessara um afrétti beitt um þau eftir því, sem við getur átt og nánar er fyrir mælt í fjallskilasamþykkt.

13. gr.

Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori, fyrr en sveitarstjórn leyfir.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vorsmölun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarþúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

14. gr.

Telji hreppsnefnd eða bæjarstjórn afrétt ofsetinn, getur hún gripið til eftirtalinna úrræða:

- a. Snúið sér til gróðurverndarnefndar sýslunnar, ef til er, ella landgræðslustjóra, og óskað álits um ástand landsins eða aðstoðar til gróðureflingar.
- b. Ákveðið, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram.
- c. Bannað, að stóðhross séu rekin í afrétti, enda séu þau þá undanþegin fjallskilum.
- d. Átt frumkvæði að itölu í afréttinn samkvæmt III. kafla laga þessara.

15. gr.

Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði $\frac{3}{4}$ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttalanda fer sem hér segir:

- a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri, sem skipta á, hefur frá fornu fari annazt um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.
- b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

III. KAFLI

Um ítölu.

16. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

17. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt ítölu á jörðum í hreppnum, nokkrum hluta hans eða í afréttarlöndum hreppsins, enda mæli gróðurverndarnefnd sýslunnar með, að ítala verði gerð. Skal þá boða búendur hreppsins eða hreppshlutans til fundar um málið. Sá telst búandi, er jörð hefur eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hver mál verði til umræðu. Fundur telst lög-mætur, ef fleiri sækja en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hrepps-hlutans. Hver maður hefur eitt atkvæði og eigi fleiri, þótt hann nýtti eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Skrá skal í fundargerð, hve margir séu búendur á viðkomandi svæði svo og hversu margir hafi greitt atkvæði um fundarefnið. Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um ítölu, og skal hún þá boða til fundar, sem að framan segir.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt, skal málið sent viðkomandi gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að tveim árum liðnum.

18. gr.

Ef verulegur samgangur búpenings er milli heimalanda jarða eða afrétta tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 17. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar- eða bæjarfélags. Slik krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögsmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 17. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem við verður komið, send oddvita sýslunefndar svo og oddvita hreppsnefndar í þeim hreppi, sem upptök átti að ítölukröfu.

Nú fellir hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til gróðurverndarnefndar, ef til er, ella til sýslunefndar, sem tekur ákvörðun um málið að fenginni umsögn landgræðslustjóra.

19. gr.

Pegar gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd hefur borízt fundarályktun um ítölu, samkvæmt 17. eða 18. gr., skal hún taka ákvörðun um málið svo fljótt sem ástæður leyfa.

Ítala skal gerð af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, og er sá formaður nefndarinnar, Búnaðarfélag Íslands tilnefnir annan og landgræðslustjóri hinn þriðja. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

20. gr.

Ítala skal byggjast á beitarþolsrannsókn á viðkomandi landi samkvæmt 40. gr. laga nr. 17 24. apríl 1965, um landgræðslu. Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, með tilliti til beitarþols. Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í fódurfræði og beitarþolsrannsóknum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, ef landið er mjög einhæft.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, má undanþiggja ítölu í heimaland, enda mæli gróðurverndarnefnd (landgræðslustjóri) með undanþágu. Nú er hluti jarðar utan girðingar, og skal þá sá hluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn eða varamenn þeirra að greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

21. gr.

Ef innan ítölumdamis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnaðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiðland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 20. og 22. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

22. gr.

Pegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í afrétt eða heimalönd en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem völ er á, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamat var gert. Sá, er ekki vill una úrskurði sveitarstjórnar, getur skotið málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Heimilt er sveitarfélagi, sem eigi fyllir ítölu sína í afréttarland, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færri búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandins, en sveitarstjórn synjar

jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

23. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd sýslunnar, telur nauðsynlegt, að gerð sé ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til landgræðslustjóra um, að málið verði tekið til meðferðar. Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir annan og landgræðslustjóri hinu þriðja.

24. gr.

Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og ætla megi, að ofbeiti í afréttum eða öðrum sumarhögum valdi, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka málið.

25. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

26. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfiritölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn í yfiritölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 25. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

27. gr.

Ef beitarþol lands breytist að dómi gróðurverndarnefndar, eða fimm ár eru liðin frá því, er ákvörðun um ítölu tók gildi, er skylt að taka ítöluna til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. $\frac{1}{4}$ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af viðkomandi sýslunefnd. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

IV. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o. fl.

28. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afrétt þann nota, er ágangspeningur kom frá. Heimilt er þó í fjallskila-

samþykkt að ákveða að nokkru aðra skipan á skiptingu þessa kostnaðar. Sama gildir um kostnað við búfé, sem stendur við afréttargirðingar.

29. gr.

Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, og geta þeir þá krafizt girðingar á milli afréttar og heimalanda sinna skv. 7. gr. laga nr. 10 25. marz 1965 (girðingarlaga).

30. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

31. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bæt看. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri nefnir til, má hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

32. gr.

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelt看. Ef innsett看 fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bæt看.

V. KAFLI

Um göngur og réttir.

33. gr.

Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði um vorsmölun heimalanda og afrétta.

34. gr.

Á hvern afrétt skal gera tvennar almennar leitir hið fæsta á hverju hausti. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um leitir á hverjum afrétti.

35. gr.

Öllum, sem búfé hafa undir höndum, sem fjallskilaskyld er, ber að taka þátt í göngum og hreinsun heimalanda samkvæmt fyrirmælum þessara laga og eftir því og á þann hátt, er sveitarstjórn mælir fyrir um á hverjum stað. Húsbændur skulu inna af höndum fjallskil fyrir heimamenn sína, nema sveitarstjórn leggi þau á þá sérstaklega.

36. gr.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum

að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það samkvæmt 8. gr. eða vegna búfjárveikivarna.

Í fjallskilasamþykkt skal ákveða nánar, hvað skuli vera aðalleitir, er ákvæði þessi taka til.

37. gr.

Sveitarstjórn eða umboðsmaður hennar (fjallskilastjóri) skipar fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar leitir samkv. fjallskilasamþykkt, sbr. 33. og 35. gr. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað, sem gengur í öruggum girðingum eða á eyjum.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

38. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera $\frac{1}{2}$, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, $\frac{1}{4}$ og ríkið $\frac{1}{4}$. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

39. gr.

Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarbeitarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt.

40. gr.

Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald. Skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Þeim kostnaði fjallskilasjóðs, sem ekki verður inntur af hendi með skylduvinnu og óvissar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir, er heimilt að jafna niður eftir fyrirmælum 39. gr.

Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

41. gr.

Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal hann þá, eftir ákvörðun hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

42. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, getur hann kært til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er úrskurðar kærana. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

43. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa, greiðist úr sveitarsjóði.

44. gr.

Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði, er tryggja eins vel og verða má, að göngur fari fram samtímis í löndum, er saman liggja og ekki eru aðgreind frá öðrum með girðingum, vötnum eða fjallgörðum.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá, er fyrir verulegum ágangi verður, kafið hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur, eftir því sem hæfilegt þykir miðað við gangnakostnað og usla í högum. Rétt er, að um þetta séu nánari ákvæði í fjallskilasamþykkt.

45. gr.

Sýslunefnd ákveður í fjallskilasamþykkt, hvar aðalréttir og aukaréttir skuli vera í fjallskilaumdæmi, að fengnum tillögum sveitarstjórna. Þar skal og tiltekið á sama hátt, hvaða leitarsvæði skuli gengin til hvernar réttar og hvaða daga göngur skuli gerðar á hverjum stað. Gangnaðögum má þó breyta fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar, enda sé þess gætt, ef göngum er flýtt eða frestað, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja.

46. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilastjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

47. gr.

Þegar byggja þarf rétt, er landeiganda skylt að leggja til land undir hana, þó ekki tún eða engi.

Metnar skulu landeiganda bætur fyrir jarðrask í sambandi við nýbyggingu réttar eða endurbætur, og rétt á ábúandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhalds.

48. gr.

Nú er ákveðið að reisa eða endurbyggja almenningsrétt, og skal þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið með samkomulagi aðila, kostnaður við bygginguna greiddur úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar eða deilda. Heimilt er sveitarstjórn að jafna sérstaklega niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar, sbr. 39. gr. og 43. gr. Viðhald réttar greiðist með sama hætti.

Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

VI. KAFLI

Um hreinsun heimalanda eftir réttir.

49. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjafé komist til réttra eigenda.

50. gr.

Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið nánar á um skil afbæjarfjár.

VII. KAFLI

Um eftirleitir og öræfaleitir o. fl.

51. gr.

Eftirleitir skal gera á afrétt, ef líklegt er, að þar leynist fé. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um eftirleitir.

52. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumar-göngulöndum, og skal þá sýslunefnd eða nefndir hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti.

53. gr.

Í fjallskilasamþykkt má heimila sveitarstjórn að láta lóga fé á hausti, er finnst í öræfaleitum.

54. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kindar úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálf tveggja hundruð króna fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður, þar sem björgunartilraun var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

VIII. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

55. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignar-rétt sinn á öðru óskilafé.

56. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hvernar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opin-beru uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Nánari ákvæði má setja í fjallskila-samþykkt.

57. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

58. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

59. gr.

Nánari fyrirmæli um meðferð og förgun ómerkinga og annars óskilapenings má setja í fjallskilasamþykkt.

IX. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

60. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glögg eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skytt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hreppsrennimarkið. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afrétta.

61. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars manns en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossamörk og skil á hrossum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sér-ákvæði í fjallskilasamþykkt.

62. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, hvers konar mörk megi taka upp, svo og banna tiltekin mörk, ef mikil soramörk eru.

63. gr.

Skytt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 66. gr., skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

64. gr.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki eða gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu, þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú á maður kaupamark eða gjafamark, en annar sams konar gerðarmark, og skal þá sá af bregða, er gerðarmark á, en ef báðir eiga erfðamark, skal sá hafa, er á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð.

65. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt, og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal hin fyrsta samtíma prentun fara fram tveimur árum eftir að lög þessi taka gildi. Skal hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í viðkomandi markaskrá og borga fyrir, eftir því sem stjórn fjallskilaumdæmis ákveður.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Skal markavörður annast söfnun marka og sjá um útgáfu markaskrár. Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta.

Í fjallskilasamþykkt ber að setja nánari ákvæði um gerð og útgáfu markaskrár. Þar má einnig setja fyrir mæli um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sammerkingar.

66. gr.

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyzt milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

67. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktar, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 5000.00 til 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

68. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1969.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Jónsbók, Landsleigubálkur, 33., 34., 46., 47., 48., 49. og 53. kap.

Réttarbót Eiríks konungs frá 2. júlí 1294, 5., 39. og 44. gr.

Lög nr. 39/1959, um ítölu.

Enn fremur öll önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.